



Nýársávarp
forseta Íslands
Ásgeirs Ásgeirssonar
1. janúar 1957

Góðir Íslendingar!

Ég flyt yður héðan frá Bessastöðum kærar jólakveðjur og bestu nýársóskir frá okkur hjónum, og innilegar þakkir fyrir gamla árið. Við höfum margt að minnst með bljúgum og þakklátum hug, þó ekki verði það nánar rakið. Ég flyt hér í senn jóla- og nýárskveðjur, því nýársdagurinn er hinn gamli áttadagur jóla. Enn loga jólaljósinn, og jólafriður og grið sett með mönnum. Jafnvel í heiðni ríkti friður um jólin, og með kristninni kom fyrirheitið um „frið og velþóknun“. Það væri vel, ef jólagleði með nýárskrafti mætti fylgja oss eins og tvístirmi, og eftir stjörnum skal stýrt, þó að gefi á bátinn.

Ef lítið er yfir liðið ár, þá er margt að minnst með gleði, viðkvæmni og sorg. En þannig er lífið að vér þekkjum það ekki sem samfelldan fögnuð. En viðkvæmnin umlykur í endurminningunni hvorttveggja, gleðina og sorgina. Í sameiningu getum vér þakkað gott árferði og góðan afla til lands og sjávar. Úr þjóðlífinu minnumst vér allmikilla átaka, kosninga og stjórnarskipta, sem jafnan orka tvímælis á líðandi stund. Í mannlegri sambúð og samstarfi getum vér ekki vænst kyrrstöðu, nema þá fyrir þrekleysi eða þrælkun. En hvorugt getur kallast friður í fyllingu þess orðs. Í þjóðfélagi eru mörg öfl að verki, sem ýmist sundra eða sameina, og friður og farsæld máskel helst fólgin í jafnvægi kraftanna – líkt og þegar aðdráttar- og miðflóttáöfl halda jörðinni á sinni föstu braut. Slíka kjölfestu verða lýðfrjálsar þjóðir að láta sér lynda.

Íslensk þjóð ræður nú sjálf öllum sínum innanríkismálum, enda er sjálfs höndin hollust, og þjóðin er einnig fullvalda í öllum skiptum við önnur lönd á þessum hnetti, sem nú er orðinn svo ótrúlega lítill á öld hraðans og tækninnar. Þar steðjar að oss nýr vandi, eins og raunar flestum öðrum, en máskel nýstárlegri fyrir oss en marga aðra, þar sem breytingin á tækni og hugarfari í alþjóðaskiptum verður einmitt á þeim áratugum, þegar Íslendingar voru að taka við framkvæmd og ábyrgð sinna utanríkismála. Öfgar og einræði, stígvélabrokk og vopnakiðhur fór sífellt vaxandi milli heimsstyrjalda. Hún var máskel ekki síður glöggskyggn en Chamberlain, gamla konan, sem sagði um það leyti, sem Hitler varð kanslari: „Það skal ég segja ykkur, að þetta endar ekki fyrr en þeir eru búnir að drepa einhvern!“ Hún reyndist alltof sannspá gamla konan, svo að ekki hefir verið hægt að tala um öruggan frið allt fram á þennan dag.

Framan af síðastliðnu ári ólu ýmsir í brjósti vaxandi vonir um alþjóðafrið. Hlýr andvari frá Genf og fordæming á ógnarstjórn Stalíns líktist dagrenningu. En það sat við orðin ein. Engin hin stærri ófriðarefni og vandamál þjóðanna voru leyst. Og svo skall á stórhriðin. Frjálsræðiskröfur ungerskra stúdenta, verkamanna og bænda sigruðu, og þjóðin naut sigursins í tvo daga. En á undanförmum tveim mánuðum hefir

allt verið bælt niður með erlendum stríðsvögnum, og blóðið streymt um göturnar. Hinn frjálsi heimur hefir horft á með skelfingu, en enginn árátt að koma til hjálpar öðrum en þrautþindum flóttamönnum, sem sloppið hafa yfir landamærin. Vér Íslendingar þekkjum það, að horfa upp á skipsstrand, þar sem einn tínist úr reiðanum af öðrum, og engri hjálp verður við komið. Það er hryggilegur atburður að vita af heilli þjóð í sama háska svo vikum skiptir.

Ég færi þetta í tal ekki síst vegna þess, að það er ekki einstæður atburður. Slíkt gæti vart hafa skeð, nema af því að hugarfarið hefir spillst síðustu áratugina. Heimurinn hefir beðið tjón á sálu sinni. Síðustu þrjá til fjóra áratugina, hafa milljónir flóttamanna streymt frá áttögum sínum um framandi lönd, og nú er einn hópurinn kominn hingað í boði íslenska ríkisins. Veri þeir velkomnir í raunum sínum! Það má vera illkynjuð meinsemd, sem veldur því, að flóttamannastraumurinn heldur stöðugt áfram! Í áratugi hafa milljónaþjóðir verið sviptar frelsi, frelsi til að segja hug sinn, atvinnufrelsi og frelsi til að hafa áhrif á landsstjórn. Þær njóta engra réttarverndar. Lögreglan getur drepit á dyr að næturþeli, og ættfólk er kvalið og þrælkað, hver í annars stað. Pyntingum er beitt til sagna og játninga, - og lengra mætti telja, þó nú sé nóg sagt. Þegar svo er komið víða um lönd um innlent stjórnarfar, hverju má þá treysta um friðsamleg skipti þjóða á milli?

Ég á hér ekki við eina einstaka þjóð, heldur alla flokka og þjóðir, sem á síðari tímum hafa horfið aftur til harðstjórnar og ofbeldis og vilja, í orði kveðnu, kúga mannkynið til þroska og þúsundaráríkis. Því heyrir stundum fleygt, að tilgangurinn sé göfugur, og markinu verði náð um síðir. Menn verði að setta sig við ýmislegt til bráðabirgða, til að geta höndlað hnoss hamingunnar á leiðarenda. En er það nú víst, að harðstjórn sé nauðsynleg til að allir geti orðið frjálsir um síðir, að miskunnarleysi leiði til réttlætis, og að haturlát sé undanfari bráðalagsins? Tilgangurinn helgar meðalið, er gömul Jesúítasetning, sem fengið hefir óorð á sig af þeirri auðskildu ástæðu, að meðalið veldur mestu um það, hvaða marki er náð. Tilgangurinn er aðeins fjarlæg hugmynd eða kenning, en meðölin eru verkin, sjálfur veruleikinn. Þetta skyldu allir athuga vel, hvort sem þeir búa við einræði eða lýðræði. Mark þurfa allir að setja sér, einstaklingar, flokkar og þjóðir, - göfugt markmið, og velja leiðina í samræmi við það. En af leiðinni, sem farin er, má alltaf marka hvert stefnir.

Ég drap á það, að útlit er nú uggvænlegt í alþjóðamállum. Það getur brugðið til beggja vona, og þó ekki líklegt að skjótlegra ráðist úr. En það mundum vér Íslendingar helst kjósa, að ágreiningsmál séu leyst af alþjóðasamtökum og einstök ríki ráðist ekki fram fyrir fylkingar til að reka réttar síns eða óréttar. Vér fögnum því, að Súez-málin eru nú í höndum hinna Sameinuðu þjóða, og mikið er undir því komið, að þeirri alþjóðalögreglu, sem nú hefir verið stofnuð, vaxi ásmegin, svo hún verði þess umkomin, að setja niður deilur og koma í veg fyrir að ófriður brjótist út. En til þess að alþjóðasamtök verði þess megnug að skera úr deilum og tryggja frið, þá þurfa hinar einstöku þjóðir að reynast traustir félagar samtakanna, og leggja sig fram um að styrkja þau í framkvæmd. Þar er enginn undantekinn. Á því höfum vér Íslendingar sýnt skilning, enda eigum vér ekki minna í húfi en aðrar þjóðir. Vér eigum þó því að fagna að búa við gott nágrenni öflugra þjóða, sem hafa reynst óáreitnar og vinsamlegar í stríði og friði. Um legu landsins og nágrenni þurfum vér ekki að kvarta, og er skylt að viðurkenna það, og þakka það sem vel er gert. Það hafa ekki allir sömu sögu að segja.

Þjóð vor er um margt sérstæð. Forfeður vorir komu að óbyggðu landi, og þurftu engum að ryðja úr vegi. Íslendingar hafa í engri styrjöld átt, hvorki til sóknar né varnar. Mannvíg á hinum fyrstu öldum áttu mjög rót sína til þess að rekja, að ættir og

goðar urðu sjálfar að halda uppi lögum og fullnægja dómum. Borgarastyrjöld hefir hér ekki verið síðan á þrettánda öld. Vopnaburður var snemma lagður niður, og hvorki líklegt né æskilegt, að hann verði aftur upp tekinn, enda nóg annað að starfa fyrir fámenna þjóða á ófriðartímum en að berjast með lánuðum vopnum, sem atvinnuhermenn þarf til að beita. Þjóðin er friðsöm og óáleitin, má vera að nokkru vegna fámennis, en þessi staðreynd er öllum kunn.

Og þó nægir það engri þjóð til öryggis. Þó þú gerir þig að sauðkind, þá er úlfurinn jafn reiðubúinn, segir rússneskur málsháttur. Vér höfum séð í síðustu styrjöld hvernig eitt hlutlaust ríki var hertekið af öðru, sem töldu sér öruggast að vera í engu varnarbandalagi. Og ekki verður hlutleysið meiri vörn hér eftir. Á þá staði, sem mikla hernaðarþýðingu hafa, og engar varnir eru fyrir, yrði ráðist með svo skyndilegum hætti, að ekkert tóm væri til neinna ráðstafana. Varnarbandalög eru því óhjákvæmileg, en best færi á því, að Sameinuðu þjóðunum yxi svo fiskur um hrygg, að önnur bandalög yrðu óþörf, og mundu engir fagna því meir en Íslendingar.

Hitt er þó rétt, að engin þjóð verst öllum aðsteðjandi hættum með vopnunum einum. Eitt er vopnavald og annað er manndómur, og mikið afl getur búið í einhuga þjóð. Sú þjóð verður ekki kúguð til langframa, sem aldrei lætur bugast. Á hættunnar stund verður þó að mæta vopni með vopni. Það er enginn svo mikill af sjálfum sér, að skotvopn í höndum lítilmennis geti ekki ráðið niðurlögum hans. Þroski þegnanna og menning þjóðarinnar er sú landvörn, sem vér getum styrkt og aukið, og kemur að liði jafnt í friði sem ófriði. Á Sturlungaöld reyndist sundrung höfðingja, og samdráttur auðs og valds á fáar hendur, hættulegast sjálfstæði Íslendinga. Og mun sú enn verða reyndin, að dreifing auðs og valds og eindrægni á alvörustundum, mun reynast þjóðinni drýgst til langlífis í landinu. Leitinn að því, sem sundrar og skilur, er rekin af of miklu forsi, og jafnvel ekki dæmalaust, að þeir geti vart orðið samferða, sem þó eru sammála. Náungans kærleikur heitir svo, af því hann á að byrja heima fyrir, en ekki einhverstaðar úti í löndum. Þó að í odda skerist, eins og alltaf verður öðru hvoru í mannlegri sambúð, þá eru landsmenn hver annars náungi, og ættjörðin er fyrst og fremst þjóðin sjálf, sem nú býr í landinu. Það mundi reynast erfitt í framkvæmd, að hatast í heilum flokkum og þjóna þó ættjörðinni af fullri hollustu. Ég á ekki við, að þjóðareiningin þoli engin átök, síður en svo, heldur hitt, að Ísland megi ekki vera án þess afls, sem „þjóð sem veit sitt hlutverk“ hefur á orlagatímum. Það afl réði úrslitum í hinni langvinnu baráttu fyrir „að ná íslenskum lögum og fornum landsréttindum.“

Vér þurfum ekki að vera bölsýnir, Íslendingar. Hugarfar erlendra harðstjórnar og kúgunar, hefir hér landvættum að mæta. Vér höfum tekið mikinn arf, sem ríkir í hugsunarhætti fólksins. Þar á virðingarleysið fyrir mannréttindum, mannlífi og mannlífum sér ekkert hæli. Vér erum með réttu stoltir af vorri eigin sögu og varðveitum samhengi hennar. Hún hefir verið lífgjafi á niðurlægingartímum, og eldstólpi á uppgangstímum. Þegar vér lítum til baka, yfir síðustu hundrað ár þá gleðjumst vér yfir því hve vel hefir miðað áfram, máske hægt framan af, en hröðum skrefum á þessari öld. Vér þurfum hvorki að gráta dómsmorð né bræðravíg. Þau afhroð sem vér höfum galdið eru af slysum í harðri lífsbaráttu. Vér njótum pólitísku jafnréttis, réttaröryggis, batnandi lífskjara og vaxandi jafnræðis. Menntir og listir blómgastr, og vér fögnum, þegar Íslendingar vinna afrek t.d. í bókmenntum, skák og íþróttum á alþjóðavettvangi. Það vekur metnað og kveikir þrótt hinnar upprennandi kynslóðar, sem tekur við varla hálfnumdu landi. Hún hefir vaxið upp við mikil umskipti, og mun taka föstum tókum á hinum nýja tíma.

Þetta er gróandi þjóðlíf, og Guð veiti oss á komandi ári handleiðslu á brautum ríkis síns.

Gleðilegt ár.